

Enginn næringarfræðingur á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Vísir Innlent 18. október 2013 13:06



Hanna Rún Sverrisdóttir skrifar.

„Eins og staðan er í dag er enginn næringarfræðingur né næringarráðgjafi starfandi við á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins,“ segir Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í næringarfræði við Háskóla Íslands.

Hún segir að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðisþjónustunni og þar myndi næringarráðgjöf henta mjög vel fyrir þá sem þurfa á henni að halda. Þegar börn eru að fara út af leið og það er eitthvað sem bendir til þess að þau séu ekki innan eðlilegra viðmiða, þá sé ekkert kerfi sem fangar þau og ekkert kerfi sem tekur við þeim með tilliti til næringar.

Fólk reynir auðvitað að gera sitt besta og veitir almennar ráðleggingar, en sumir þurfi sérstök ráð af ýmsum ástæðum.

„Þegar það er til dæmis grunur um að barn sé með fæðuofnæmi eða óþol eða slíkt hefur verið staðfest af ofnæmislæknum, þá þarf að skoða mataræði barnsins með það í huga hvaða fæðutegundir geti komið í staðinn fyrir þá fæðu sem taka þarf út,“ segir Ingibjörg.

Þegar til dæmis um mjólkurofnæmi er að ræða, getur verið nauðsynlegt að taka mjólkina alveg út.

Flestir eru meðvitaðir um að mikilvægt sé að huga að því hvaða fæðuflokkar geti þá orðið aðaluppspretta kalks í stað mjólkurvara. Hins vegar er mjólkinn uppspretta fjölmargra annarra næringarefna í fæði íslenskra barna, til dæmis jöðs, og því þarf að

huga að því líka sérstaklega að barnið fullnægi sínum þörfum fyrir önnur efni líka sé mjólkin tekin alfarið út.“

Ingibjörg segir að ekki sé í öllum tilfellum hægt að yfirfæra þekkingu erlendis frá þegar teknar eru ákvarðanir um hvað eigi að koma í staðinn fyrir þann fæðuflokk sem tekinn er út. Fæðuvenjur eru mismunandi milli landa. „Íslenskir næringarfræðingar og næringarráðgjafar hafa sérþekkingu á íslenskum aðstæðum.“

Erfitt að nálgast næringarfræðinga þrátt fyrir fjölgun í stéttinni

Einn næringarfræðingur er í hlutastarfi á Heilsugæslu Akraness og það sama á við um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Heilsugæsluna í Keflavík og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Einn næringarráðgjafi er á Reykjalandi og annar á Heilsuhótelinu í Hveragerði, þar með sé það upptalið. Á Næringarstofu Landspítala starfa 14 næringarfræðingar og næringarráðgjafar í tæplega 9 stöðugildum.

„Það er því miður erfitt að nálgast næringarfræðinga eins og staðan er í dag, en það eru nokkrir starfandi út í bæ. Það er langtímaverkefni að auka þverfræðilega þekkingu í heilsugæslu landsins og ljóst að þar þurfa heilbrigðisyfirvöld að setja sér langtímamarkmið,“ segir Ingibjörg.

„Það er fimm ára nám að læra næringarfræði, við byrjuðum að kenna næringarfræði til BS prófs hér á landi árið 2008. Til þess að mega samkvæmt lögum starfa sem næringarfræðingur eða næringarráðgjafi þarf viðkomandi að hafa meistaraþáðu í faginu.“

"Við höfum lengi vel, ekki haft fólk til þess að senda út á Heilsugæslu eða á aðra staði, en þetta fólk er að verða til í dag. Við erum með mjög vel menntað fólk, margir eru með doktorspróf og hafa þar með öðlast mikla færni í því meðal annars að túlka og skilja mismunandi rannsóknaniðurstöður á sviði næringar,“ segir Ingibjörg.